

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 55 17. júlí 1964, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Við afgreiðslu frumvarps ríkisstjórnarinnar um tekjuskatt og eignarskatt á síðasta þingi sýndu framsóknarmenn fram á, að tekjuskattur samkvæmt frumvarpinu yrði miklu hærri en hann var árið 1960. Þeir fluttu breytingartillögur um að taka aftur upp umreikning á persónufrádrætti og tekjutölum skattstigans og um að láta skattstigann frá 1960 haldast óbreyttan, til þess að skatturinn yrði raunverulega ekki hærri en hann var 1960. Stjórnarflokkarnir felldu þessar tillögur. Hins vegar gumuðu þeir mjög af framgöngu sinni í skattamálunum og töldu sig vera að lækka skattana til mikilla muna.

Það fólk, sem lagði einhvern trúnað á skrum stjórnarflokkanna um skattalækkarnirnar vorið 1964, varð fyrir ákaflega miklum vonbrigðum, þegar skattaskrárnar komu út síðar á því ári. Óánægjan varð svo mikil og almenn, að ríkisstjórnin sá sitt óvænna, skipaði nefnd til að íhuga málið og gaf þar með fyllilega í skyn, að hún vildi gera einhverjar leiðréttingar í þessum efnunum. — En niðurstaðan var sú, sem kunnugt er, að engar lagfæringar voru gerðar á hinum háu opinberu gjöldum 1964, og framkoma stjórnarinnar varð þannig enn til að valda mönnum vonbrigðum.

Hér liggur nú fyrir stjórnarfrumvarp um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Athyglisvert er, að í frumvarpinu kemur fram, að ríkisstjórnin hefur loks komið auga á það, að við framsóknarmenn höfum haft rétt fyrir okkur, þegar við höfum haldið því fram, að rétt væri að láta umreikningsregluna, sem var í lögum fyrir 1960, gilda áfram. Í 8. gr. frumvarpsins er lagt til, að þessi regla verði aftur upp tekin, þó með þeirri breytingu, að nú á samkvæmt frumvarpinu að miða við svonefnda skattvísitölu, sem fjármálaráðherra á að ákveða, en enginn veit, hvornig verður, í stað þess að áður var umreikningurinn miðaður við kaupgjaldsvísitölu.

Í frumvarpinu eru ákvæði um hækkun á persónufrádrætti og tekjutölum skattstigans, sem nemur um það bil sömu hækkun og varð á vísitölu framfærslukostnaðar frá 1963 til 1964. Einnig er gerð lítils háttar breyting á skattaprósentunni. En segja má, að tekjuskattur samkvæmt frumvarpinu verði raunverulega mjög svipaður og hann var í fyrra. Ef frumvarpið verður nú samþykkt óbreytt, verður skatturinn því enn miklu hærri en hann var árið 1960. Því veldur hækkunin á hundraðshlutatölum skattsins, sem ákveðin var í fyrra. Til dæmis um þetta má nefna, að af fyrstu 16 þús. kr. skattskyldum tekjum verður skatturinn raunverulega 80% hærri en hann var árið 1960 og af 80 þús. kr. skattskyldum tekjum verður hann 44% hærri en 1960.

Fyllsta ástæða er til að mótmæla slíkum hækkunum á beinu sköttunum til ríkisins á sama tíma og óbeinu skattarnir hafa verið margfaldaðir.

Rannsóknardeild við embætti ríkisskattstjóra, sem hefur með höndum rannsóknir samkvæmt lögunum, athugar fyrst og fremst þau framtöl, sem henni virðist sérstök þörf að taka til meðferðar. Til viðbótar því teljum við rétt, að árlega fari fram rannsókn á 3% allra framtala þeirra aðila, sem bókhaldsskyldir eru, og á 2% annarra framtala. Skulu þessi framtöl valin úr öllum framtölum landsins af Hagstofu Íslands samkvæmt reglum, er hún setur. Framtöl þau, sem þannig eru valin, skal athuga ýtarlega, rannsaka bókhald aðila og leita upplýsinga um hvað eina.

Við flytjum breytingartillögur við frumvarpið um þetta þrennt:

1. Að breyta tekjutölum skattstigans til samræmis við hækkun framfærsluvísitölnnar frá 1959 til 1964, að fjölga skattþrepunum og breyta skattaprósentunum þannig, að hvort tveggja verði í samræmi við það, sem var 1960.
2. Að framkvæmt verði úrtak úr öllum skattaframtölum til sérstakrar rannsóknar.
3. Að framvegis skuli persónufrádráttur og tekjutölur skattstigans umreiknast eftir breytingum á kaupgjaldsvísitölu.

Alþingi, 10. maí 1965.

Einar Ágústsson,
frsm.

Skúli Guðmundsson.